



F plús 3 Fjölskyldutrygging

Vátryggingarskilmálar nr. GH20

Um vátrygginguna gilda:

- Vátryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. GH20.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun ganga frammar ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga frammar frávikjanlegum lagaákvæðum.

EFNISYFIRLIT

Blaðsíða

I.	Heimilistrygging	2
	A. Innbú, afnotamissir íbúðarhúsnæðis og sviksamleg notkun greiðslukorts	2
	B. Ábyrgðartrygging einstaklings	7
	C. Málskostnaðartrygging	9
II.	Innbúskaskó (valkvætt)	11
III.	Frítímaslysartrygging	12
IV.	Umönnunartrygging barna	15
V.	Forfallatrygging	16
VI.	Ferðasjúkra- og ferðarofstrygging erlendis	17
VII.	Farangurstrygging erlendis	19
VIII.	Farangurstafatrygging	21
IX.	Sameiginlegir skilmálar	22



I. Heimilistrygging

Efnisyfirlit:

A. Innbú, afnotamissir íbúðarhúsnæðis og sviksamleg notkun greiðslukorts

1. Vátryggðir hagsmunir
2. Vátryggður og meðvátryggðir
3. Vátryggingin gildir
4. Bótasvið
5. Samsömun
6. Vátryggingarfjárhæð
7. Eigin áhætta
8. Ákvörðun bóta
9. Undirtrygging
10. Tvítrygging

B. Ábyrgðartrygging einstaklings

11. Vátryggður og meðvátryggðir
12. Vátryggingin gildir
13. Ábyrgðartími
14. Bótasvið
15. Varúðarreglur
16. Vátryggingarfjárhæð
17. Eigin áhætta
18. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón
19. Ákvörðun bóta fyrir munatjón
20. Staða tjónþola við tjón
21. Meðferð bóta krafna

C. Málskostnaðartrygging

22. Vátryggður og meðvátryggðir
23. Vátryggingin gildir
24. Ábyrgðartími
25. Bótasvið
26. Val á málflytjanda
27. Ákvörðun bóta
28. Vátryggingarfjárhæð
29. Eigin áhætta
30. Tvítrygging
31. Endurkrafa

A. Innbú, afnotamissir íbúðarhúsnæðis og sviksamleg notkun greiðslukorts

1. Vátryggðir hagsmunir

Vátryggingin tekur til:

- 1.1 Innbús sem er í eigu vátryggðu.

Með innbúi er átt við:

- 1.1.1 Almenn innbú og persónulega muni sem fylgja almennu heimilishaldi. Úr og skartgripir bætast með allt að 5% af vátryggingarfjárhæð, enda séu þessir munir á skráðu lögheimili

vátryggingartaka þegar vátryggingaratburður verður.

- 1.1.2 Sérgreint innbú, þ.e. peninga, verðbréf, handrit, frumteikningar, mynt- og frímerkjasöfn sem bætast með allt að 1% af vátryggingarfjárhæð innbúsins hver liður, enda séu þessir munir á skráðu lögheimili vátryggingartaka þegar vátryggingaratburður verður.

- 1.2 Verkfæra, varahluta og áhalda er vátryggður á og notar sjálfur í atvinnu sinni, sem bætast með allt að 5% af vátryggingarfjárhæð, enda séu þessir munir á skráðu lögheimili vátryggingartaka þegar vátryggingaratburður verður.

- 1.3 Eins umgangs sumar- eða vetrarhjólabarða undir hvern einkabíl sem skráður er á vátryggðu og geymdir eru í bílskúr eða annarri geymslu.

- 1.4 Auka- og varahluta sem tilheyra vélknúnu ökutæki, hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagni eða skemmtibát í eigu vátryggðu og eru til einkaafnota, geymd í bílskúr eða annarri geymslu tilheyrandi lögheimili vátryggingartaka. Hámarksbætur eru 2% af vátryggingarfjárhæð í hverjum tjónsatburði.

2. Vátryggður og meðvátryggðir

- 2.1 Vátryggingartaki er vátryggður.

- 2.2 Meðvátryggður eru maki eða sambúðarmaki vátryggingartaka og ógift börn þeirra enda hafa þau sama lögheimili á Íslandi og vátryggingartaki, sameiginlegt heimilishald og búa á sama stað.

3. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir á skráðu lögheimili vátryggingartaka en tekur þó einnig til almenns innbús, sbr. gr. 1.1.1, sem um stundarsakir er utan lögheimilis vátryggingartaka héraendis, en vátrygging á slíkum hlutum takmarkast þó við 15% af vátryggingarfjárhæðinni.

4. Bótasvið

4.1 Eldsvoði, elding og sprenging

Vátryggingin bætir tjón af völdum:

- 4.1.1 Eldsvoða. Það telst ekki eldsvoði þegar hlutir sviðna eða bráðna ef eldur er ekki laus.



- 4.1.2 Eldingar.
- 4.1.3 Sprengingar.
- Vátryggingin bætir ekki:**
- 4.1.4 Tjón sem verður vegna vinnu með sprengiefni við verklegar framkvæmdir.
- Varúðarregla:**
- 4.1.5 Vátryggður skal sjá til þess að munir séu ekki settir í hættu frá eldi eða hita.
- 4.2 Sótfall**
- Vátryggingin bætir tjón af völdum:*
- 4.2.1 Sótfalls sem verður skyndilega og óvænt frá viðurkenndu kynditæki eða eldstæði.
- Vátryggingin bætir ekki tjón af völdum:**
- 4.2.2 Sóts eða reyks sem safnast hefur smám saman fyrir við notkun.
- 4.3 Slökkvi- og björgunaraðgerðir**
- Vátryggingin bætir:*
- 4.3.1 Tjón af völdum slökkvi- og björgunaraðgerða þegar markmið með ráðstöfununum er að forðast eða takmarka tjón sem fellur undir vátrygginguna og ráðstafanirnar teljast sérstakar og réttlætanager.
- 4.3.2 Nauðsynlegan flutning á innbúi í sambandi við bótaskyld tjón.
- 4.3.3 Muni sem glatast við ofangreindar aðgerðir.
- 4.4 Vatn, gufa og olía**
- Vátryggingin bætir tjón af völdum:*
- 4.4.1 Vatns, gufu og olíu sem óvænt og skyndilega streymir úr leiðslum hússins og á upptök innan veggja hússins.
- 4.4.2 Vatns sem streymir óvænt og skyndilega úr vatnsrúmunum eða fiskabúrum vegna bilana.
- 4.4.3 Vatns sem flæðir úr hreinlætistækjum vegna mistaka eða bilana á tækjunum.
- 4.4.4 Leka frá frystikistum og kælikápum, þó ekki á tækjunum sjálfum ef þau eru eldri en 5 ára.
- 4.4.5 Yfirborðsvatns sem orsakast af skyndilegu úrhelli eða asahláku og vatnsmagn verður svo mikið að frárennslisleiðslur ná ekki að flytja það frá. Hafa skal til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu hvort almennt eignatjón hafi orðið á tjónssvæðinu af völdum úrhellis- og/eða asahláku er vátryggingaratburðurinn átti sér stað.
- Vátryggingin bætir ekki tjón af völdum:**
- 4.4.6 Utanaðkomandi vatns, svo sem grunnvatns, úrkomu, flóða, sjávarfalla eða vatns frá svölum, þökum, þakrennum eða frárennslisleiðslum þeirra.
- 4.4.7 Vatns sem þrýstist upp úr skolp- eða frárennslisleiðslum eða ef skolpleiðslur geta skyndilega ekki flutt allt það vatn er að berst, þó með þeirri undantekningu ef leiðsla stíflast eða springur innanhúss.
- Varúðarreglur:**
- 4.4.8 Vátryggður skal sjá til þess að lokað sé fyrir vatnsaðstreymi í óupphituðu húsi og vatnslagnir tæmdar þegar hætta er á frosti til að fyrirbyggja frostskemdir.
- 4.4.9 Vátryggður skal sjá til þess að niðurföll séu í lagi með því að hreinsa frá þeim til að fyrirbyggja söfnun yfirborðsvatns.
- 4.5 Þjófnaður**
- Vátryggingin bætir tjón vegna:*
- 4.5.1 Þjófnaðar úr íbúðarhúsnæði eða geymslu tilheyrandi lögheimili vátryggingartaka. Ef íbúðarhúsnæði er ólæst en ekki mannaust eru hámarksbætur 5% af vátryggingarfjárhæðinni og tekur við slíkar aðstæður ekki til þjófnaðar á peningum, verðbréfum, úrum, skartgripum, handritum, frumteikningum, mynt- eða frímerkjasöfnum.
- 4.5.2 Þjófnaðar úr bifreið, einkabáti, einkaloffari, bílskúr eða geymslu utan íbúðarhúsnæðis, með allt að 5% af vátryggingarfjárhæðinni. Þó takmarkast bætur vegna þjófnaðar á geisladiskum við allt að 1% af vátryggingarfjárhæðinni.
- 4.5.3 Þjófnaðar úr sumarhúsi, hjólhýsi og veiðihúsi.
- 4.5.4 Þjófnaðar úr grunnskóla, með allt að 5% af vátryggingarfjárhæðinni. Ákvæði þetta á eingöngu við um þjófnað á munum í eigu grunnskólanemenda og gildir einnig í íþróttahúsum og á sundstöðum á vegum grunnskólans þegar nemendur eru í umsjá kennara.



4.5.5 Þjófnaðar á reiðhjóli, barnavagni og barnakerru. Greiðsluskylda félagsins miðast við allt að 1% af váttryggingarfjárhæð, nema framvísað sé ábyrgðarskírteini eða greiðslukvittun sem sannar hærra verðmæti hinna váttryggðu hluta.

4.5.6 Skemmda á íbúð váttryggðu sökum innbrots, að undanskildum brotnum rúðum, með allt að 5% af váttryggingarfjárhæðinni.

Varúðarreglur:

4.5.7 Læsa skal íbúðarhúsum, sumarhúsum, veiðihúsum, hjólhúsum, bílskúrum, geymslum, bifreiðum, bátum og loftförum og loka öllum gluggum og krækja aftur. Váttryggður skal sjá til þess að ekki sé skilið við ólæst íbúðarhúsnæði mannaust,

4.5.8 Váttryggður skal læsa reiðhjóli þegar hann skilur við það.

4.5.9 Ekki skal skilja annað en fatnað eftir í fatahengjum eða fataskápum í grunnskóla eða öðru húsnæði tilheyrandi grunnskólakennslu, svo sem íþróttahúsum og sundstöðum.

4.6 Rán

Váttryggingin bætir tjón af völdum rans þegar hinir váttryggðu munir eru teknir með líkamlegu ofbeldi eða hótun um að beita því þegar í stað, sbr. 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

4.7 Skemmdarverk

Váttryggingin bætir tjón af völdum:

4.7.1 Skemmdarverka sem unnin eru af ásetningi.

Váttryggingin bætir ekki tjón af völdum skemmdarverka:

4.7.2 Váttryggðs sjálfs.

4.7.3 Maka váttryggðs.

4.7.4 Einstaklings sem váttryggður býr með í föstu varanlegu sambandi.

4.7.5 Á munum sem voru utan dyra annars staðar en við lögheimili váttryggðs.

4.8 Brot eða hrun

Váttryggingin bætir tjón af völdum:

4.8.1 Brots eða hruns á innbúi á lögheimili váttryggðu vegna tilfallandi bilana.

Váttryggingin bætir ekki tjón:

4.8.2 Á verkfærum, gleraugum og úrum sem verður vegna brots eða hruns.

4.8.3 Af völdum vökva sem hellist niður við brot eða hrun.

4.8.4 Vegna brots eða hruns af manna völdum.

Varúðarregla:

4.8.5 Váttryggður skal gæta þess að munir séu rétt og tryggilega festir samkvæmt notkunarleiðbeiningum.

4.9 Umferðaróhapp

Váttryggingin bætir tjón af völdum umferðaróhapps á innbúi sem er inni í bifreiðinni sjálfri.

4.10 Suða (ofhitun)

Váttryggingin bætir tjón:

4.10.1 Á þvotti sem ofhitnar í þvottavél eða þurrkara ef tjónið stafar af bilun í þvottavélinni eða þurrkaranum. Til staðfestingar á því að um bilun hafi verið að ræða skal váttryggður leggja fram reikning fyrir viðgerð ásamt bilunarlýsingu viðgerðarmanns.

Varúðarregla:

4.10.2 Váttryggður skal sjá til þess að notkun á þvottavél og þurrkara sé í samræmi við notkunarleiðbeiningar.

4.11 Ófyrirséð stöðvun á kælikerfi frystikistu eða kælikáps

Váttryggingin bætir tjón:

4.11.1 Á matvælum vegna ófyrirséðrar stöðvunar á kælikerfi frystikistu eða kælikáps, enda leiði það til eyðileggingar á matvælum sem í þeim eru. Bætur geta numið allt að 2% af váttryggingarfjárhæðinni.

4.11.2 Á frystikistunni eða kælikápnum sjálfum vegna ófyrirséðrar stöðvunar á kælikerfi tækisins ef það er yngra en 5 ára og ábyrgð seljanda nær ekki til tjónsins.



Varúðarregla:

- 4.11.3 Vátryggður skal sjá til þess að notkun tækja sem undir þennan tölulið falla sé í samræmi við notkunarleiðbeiningar.

4.12 Skammhlaup

Vátryggingin bætir tjón:

- 4.12.1 Vegna skemmda á rafmagnstækjum sem rekja má til skammhlaups í þeim.

Vátryggingin bætir ekki tjón:

- 4.12.2 Á tækjum sem eru eldri en 10 ára.
- 4.12.3 Sem ábyrgð seljanda viðkomandi tækja nær til.
- 4.12.4 Sem rekja má til bilunar hjá rafmagnsveitu og veldur spennubreytingu.

Varúðarregla:

- 4.12.5 Vátryggður skal sjá til þess að notkun rafmagnstækja sem falla undir þennan tölulið sé í samræmi við notkunarleiðbeiningar.

4.13 Skyndilegur snjópungur

Vátryggingin bætir tjón af völdum:

- 4.13.1 Skyndilegs snjópunga sem sligað hefur þak eða veggj húseignar.

Vátryggingin bætir ekki tjón:

- 4.13.2 Sem rekja má til byggingargalla.

4.14 Óveður

Vátryggingin bætir tjón af völdum óveðurs þegar vindhraði nær 28,5 metrum á sekúndu. Til óveðurstjóna á innbúi teljast eingöngu þau tjón sem verða þegar vindur hefur rofið þak, glugga eða aðra hluta hússins. Séu ekki fánlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað er tjónið varð skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum veðurs er vátryggingaratburðurinn átti sér stað.

4.15 Loffför

Vátryggingin bætir tjón af völdum lofffara og hluta sem frá þeim falla.

4.16 Afnotamissir íbúðarhúsnæðis

- 4.16.1 Félagið greiðir bætur þegar íbúðarhúsnæði skemmist af bótaskyldum tjónsatburði úr vátryggingu þessari og viðgerð er svo umfangsmikil að óhjákvæmilegt er að flytja úr húsnæðinu.

- 4.16.2 Bæturnar nema meðalleigu sambærilegs húsnæðis að stærð og ástandi, á þeim stað og tíma sem um er að ræða. Bætur fyrir hvern mánuð verða þó aldrei hærrí en 1% af vátryggingarfjárhæð innbús.

- 4.16.3 Bæturnar greiðast í allt að 6 mánuði frá tjónsdegi, en þó ekki lengur en sem svarar eðlilegum viðgerðartíma með tilliti til skemmda.

4.17 Svíksamleg notkun greiðslukorts

- 4.17.1 Hafi greiðslukort vátryggðs tapast og óviðkomandi notað það með svíksamlegum hætti og af því hlýst tjón greiðir félagið bætur, enda fáist tjónið ekki bætt hjá viðkomandi greiðslukortafyrirtæki.

- 4.17.2 Bætur á hverju vátryggingartímabili geta orðið allt að 4% af vátryggingarfjárhæð innbús.

Varúðarregla:

- 4.17.3 Vátryggðum ber að fara í einu og öllu eftir reglum viðkomandi greiðslukortafyrirtækis og tilkynna því hvarfið tafarlaust.

5. Samsömun

Við ákvörðun bótaábyrgðar áskilur félagið sér rétt til að bera fyrir sig háttsemi maka vátryggðs og manns sem hann býr með í föstu varanlegu sambandi, sbr. 29. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

6. Vátryggingarfjárhæð

- 6.1 Vátryggingarfjárhæð nemur fjárhæð þeirri er kemur fram í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

- 6.2 Upphæð vátryggingarfjárhæðar er ekki sönnun fyrir verðmæti hinna vátryggðu hagsmuna.

- 6.3 Vátryggingarfjárhæð breytist samkvæmt vísitölu neysluverðs.



7. Eigin áhætta

7.1 Af hverju tjóni ber váttryggingartaki eigin áhættu sem tiltekin er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Við þjófnað úr grunnskóla er eigin áhættan 35% af þeirri eigin áhættu.

7.2 Þegar tilgreindar eru í % hámarksbætur af váttryggingarfjárhæð innbús er átt við bætur þegar búið er að draga eigin áhættu frá.

7.3 Fjárhæð eigin áhættu breytist samkvæmt vísitölu neysliverðs.

8. Ákvörðun bóta

8.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi á nýjum hlut, sambærilegum þeim sem skemmdist. Félaginu er heimilt að draga frá bótum verðryrnun vegna aldurs, notkunar og annarra atriða sem geta haft áhrif á verðmæti hlutarins.

8.2 Félagið getur annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða ráðstafað hlutnum til viðgerðar og greitt viðgerðarkostnað, ef unnt er að gera við hlutinn þannig að hann verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati félagsins.

8.3 Félagið getur greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu að teknu tilliti til verðryrnunar samkvæmt gr. 8.1, ef hluturinn skemmist það mikið að ekki er unnt að gera við hann eða það borgar sig ekki að mati félagsins. Hafi félagið greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til hlutarins sem skemmdist.

8.4 Félagið hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti hlutarins sem skemmdist eins og það var fyrir váttryggingaratburð og verðmæti eftir váttryggingaratburð.

8.5 Þrátt fyrir gr. 8.1 geta afskriftir af eftirfarandi hlutum ekki orðið meiri en fram kemur í töflunni hér á eftir. Afskriftir geta aldrei orðið meiri en 70%, sjá þó afskriftir vegna tölvu og fylgihluta hennar

Tegund	Ár án afskrifta	Afskr. á ári
Fatnaður	1	ár
20%		
Hljómflutningstæki	2 ár	10%
Stafrænar myndavélar	1 ár	20%
DVD og heimabíó	1 ár	20%
Sjónvörp og myndb.tæki	2 ár	10%
Útvörp	2 ár	10%
Önnur rafmagnstæki	1 ár	10%

Reiðhjól 1 ár 10%
Skíða- og viðlegubúnaður 1 ár 10%

Tölvur og fylgihlutir þeirra afskrifast um 10% á sex mánaða fresti, fyrst þegar þau eru sex mánaða gömul. Afskriftir geta þó aldrei orðið meiri en 80%.

8.6 Bætur vegna tjóns á hljóð- og myndritum takmarkast við andvirði óritaðs disks, bands eða filmu að teknu tilliti til eðlilegra afskrifta. Þó greiðast bætur vegna útgefina hljóð- og myndrita og miðast þá við kaupverð að teknu tilliti til eðlilegra afskrifta.

8.7 Tölvugögn og hugbúnaður bætist ekki.

8.8 Minjagildi bætist ekki.

8.9 Váttryggður skal ekki hagnast á váttryggingaratburði. Váttryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón váttryggðs.

8.10 Stolnir munir sem koma fram eftir að félagið hefur bætt tjónið eru eign félagsins og skal þeim skilað til þess. Váttryggður getur þó haldið mununum ef hann óskar þess með því að endurgreiða bæturnar.

9. Undirtrygging

Sé heildarverðmæti váttryggðra muna meira en váttryggingarfjárhæð bætist tjón hlutfallslega.

10. Tvítrygging

10.1 Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina váttryggingu getur váttryggður valið hvaða váttryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.

10.2 Ef fleiri en eitt váttryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni samkvæmt gr. 10.1 skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.



B. Ábyrgðartrygging einstaklings

Inngangur

Samkvæmt íslenskum lögum bera menn skaðabótaábyrgð á tjóni sem þeir valda öðrum með saknæmum og ólögætum hætti. Þessi regla er nefnd sakarregla og er grundvallarregla í íslenskum rétti. Ef sá sem sóttur er til greiðslu skaðabóta á ekki sök á tjóninu ber hann almennt ekki skaðabótaábyrgð.

Hlutverk ábyrgðartryggingar er að greiða skaðabætur fyrir vátryggðan ef hann hefur bakað sér skaðabótaábyrgð, að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera tjón sitt sjálfur vegna meðsakur eða meðábyrgðar, og einnig greiða kostnað sem vátryggður verður fyrir ef skaðabótakrafa er gerð á hendur honum.

Þar sem skaðabótaábyrgð er oft flókið lögfræðilegt úrlausnarefni ber vátryggðum að leita samráðs við félagið um réttarstöðu sína ef hann er krafinn skaðabóta vegna tjóns sem hann er talinn eiga sök á. Jafnframt er vátryggðum bent á að lesa skilmálana með þetta í huga.

Viðurkenning vátryggðs á skaðabótaskyldu skuldbindur aðeins hann sjálfan, en ekki félagið. Vátryggður getur því með slíkri viðurkenningu átt það á hættu að greiða sjálfur skaðabætur vegna tjóns sem ábyrgðartryggingin tekur ekki til.

11. Vátryggður og meðvátryggðir

11.1 Vátryggingartaki er vátryggður.

11.2 Meðvátryggður eru maki eða sambúðarmaki vátryggingartaka og ógift börn þeirra enda hafa þau sama lögheimili á Íslandi og vátryggingartaki, sameiginlegt heimilishald og búa á sama stað.

12. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir á Íslandi og á ferðalagi erlendis í allt að 92 daga talið frá brottfarardegi frá Íslandi.

13. Ábyrgðartími

13.1 Vátryggingin tekur til vátryggingaratburðar sem verður á vátryggingartímabilinu.

13.2 Komi afleiðingar atviks sem tjón hefur hlotist af og gerst hefur á vátryggingartímabilinu ekki í ljós fyrr en vátryggingin er fallin úr gildi greiðir félagið samt sem áður bætur.

13.3 Félagið greiðir ekki bætur fyrir tjón vegna atviks sem varð áður en vátryggingartímabilið hófst, enda þótt tjónið komi ekki í ljós fyrr en á vátryggingartímabilinu.

14. Bótasvið

Vátryggingin bætir:

14.1 Beint líkams- eða munatjón þriðja manns vegna skaðabótaábyrgðar vátryggðs sem fellur á hann sem einstakling samkvæmt íslenskum lögum. Með munum er átt við fasteign og lausafé, þ.m.t. dýr. Vátryggingin bætir slík tjón að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera tjónið sjálfur vegna meðsakur eða meðábyrgðar.

14.2 Án tillits til skaðabótaábyrgðar vátryggðs að lögum, beint líkams- eða munatjón þriðja manns sem vátryggður kann að valda við golfíðkun á golfvelli eða á æfingasvæði við golfvöll. Með munum er átt við fasteign og lausafé, þ.m.t. dýr. Vátryggingin bætir slík tjón að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera tjónið sjálfur vegna meðsakur eða meðábyrgðar.

Vátryggingin bætir ekki:

14.3 Tjón innan samninga, þ.e. tjón sem vátryggður ber ábyrgð á vegna vanefnda á samningi.

14.4 Tjón sem hinir vátryggðu valda hverjir öðrum.

14.5 Tjón sem verður vegna atvinnu vátryggðs, hvort sem um er að ræða eigin atvinnurekstur eða arðbæra vinnu í þjónustu annarra. Með atvinnu er einnig átt við hvers konar aukastörf sem vátryggður vinnur gegn endurgjaldi.

14.6 Tjón á munum sem vátryggður hefur til afnota, til geymslu eða eru af öðrum orsökum í hans vörslu.

14.7 Tjón sem vátryggður ber ábyrgð á vegna skaðabótaábyrgðar hans sem eiganda eða notanda:

14.7.1 Fasteigna, loftfara, báta, vélknúinna farartækja eða vinnuvéla.

14.7.2 Skotvopna.

14.7.3 Hesta, hunda, annarra húsdýra eða gæludýra.

Áhættu samkvæmt gr. 14.7 er hægt að vátryggja sérstaklega.



14.8 Tjón á munum stafi það af eldsvoða, vatni vegna slökkvistarfs, reyk, sóti eða sprengingu.

14.9 Sektir, málskostnað eða önnur útgjöld í sambandi við refsímál.

14.10 Tjón sem verður sökum mengunar lofts, jarðar, gróðurs, sjávar eða vatns. Félagið bætir þó þess háttar tjón ef það verður rakið til eins skyndilegs atburðar.

14.11 Tjón vegna langvarandi raka eða vatnsleka.

14.12 Tjón sem rekja má til asbests eða efnis sem inniheldur asbest að einhverju leyti.

15. Varúðarreglur

Vátryggðum ber að fara í einu og öllu eftir þeim lögum og reglum sem gilda á hverjum tíma um framleiðslu, afhendingu, flutning, geymslu eða varðveislu sprengiefna, eiturs eða annarra álíka hættulegra efna.

16. Vátryggingarfjárhæð

16.1 Ábyrgð félagsins vegna hvers einstaks vátryggingaratburðar takmarkast við vátryggingarfjárhæð sem tilgreind er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunar-kvittun. Verði fleiri en eitt tjónsatvik af sömu orsök teljast þau vera af völdum eins vátryggingaratburðar.

16.2 Kostnaður sem til er stofnað með samþykki félagsins til þess að skera úr um bótaskyldu vátryggðs og vextir af bótafjárhæð greiðast, enda þótt greiðsla félagsins fari af þeim sökum fram úr vátryggingarfjárhæðinni.

16.3 Sé vátryggingarfjárhæðin lægri en höfuðstóll bótafjárhæðar greiðist aðeins sá hluti kostnaðar og vaxta er svarar til bótafjárhæðar þeirrar sem félaginu ber að greiða. Utan Norðurlanda takmarkast bótaskyldan við vátryggingarfjárhæðina.

17. Eigin áhætta

17.1 Af hverju tjóni ber vátryggingartaki eigin áhættu sem tiltekin er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

17.2 Nái höfuðstóll bótakröfu ekki lágmarki eigin áhættu greiðir félagið ekki heldur kostnað þótt krafan og kostnaðurinn verði samanlagt hærri en fjárhæð eigin áhættu.

17.3 Eigin áhætta breytist miðað við breytingu á vísitölu neysliverðs.

18. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón

Vátryggingin greiðir bætur fyrir líkamstjón þriðja manns á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993.

19. Ákvörðun bóta fyrir munatjón

19.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi.

19.2 Félagið getur annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist og greitt viðgerðarkostnað, ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati félagsins.

19.3 Félagið getur greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu, ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati félagsins. Hafi félagið greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.

19.4 Félagið hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir vátryggingaratburð og verðmæti eftir vátryggingaratburð.

19.5 Vátryggður skal ekki hagnast á vátryggingaratburði. Vátryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón vátryggðs.

20. Staða tjónpola við tjón

20.1 Ef vátrygging tekur til tjóns vátryggðs vegna skaðabótaábyrgðar sem hann ber getur tjónpóli krafist bóta beint frá félaginu. Félaginu og vátryggðum er skylt að upplýsa tjónpóla um ábyrgðartryggingu sé hún fyrir hendi.

20.2 Ef fram kemur krafa um bætur á hendur félaginu skal tilkynna það vátryggðum án ástæðulauss dráttar og veita honum upplýsingar um meðferð kröfunnar. Viðurkenning félagsins á atriðum sem lúta að ábyrgð er ekki bindandi fyrir vátryggðan.

20.3 Nú tilkynnir tjónpóli félaginu að hann hyggist höfða mál á hendur því og getur það þá krafist þess að hann beini málshöfðuninni einnig gegn vátryggðum. Skal félagið tilkynna tjónpóla um þá kröfu sína án ástæðulausrar tafar og á sannanlegan hátt.

20.4 Um stöðu tjónpóla að öðru leyti vísast til 44. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.



21. Meðferð bótakrafna

- 21.1 Vátryggður má ekki viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bætur án samþykkis félagsins.
- 21.2 Félagið kemur fram fyrir hönd hinna vátryggðu og ræður málsmeðferð allri og annast málsmeðferð fyrir dómstólum ef á reynir. Sama gildir um kröfur um laun fyrir björgun eða aðstoð.

C. Málskostnaðartrygging

Inngangur

Hlutverk málskostnaðartryggingarinnar er að greiða málskostnað vegna ágreinings í einkamálum. Það er skilyrði vátryggingarverndar að óskað sé aðstoðar lögmanns. Lögmaðurinn skal tilkynna félaginu þegar hann hefur tekið að sér málið áður en frekar er aðhafst í því. Lögmaðurinn getur þó framkvæmt það í málinu sem ekki þolir bið. Félaginu ber skylda til að tilkynna vátryggðum hvort málið falli undir málskostnaðartrygginguna eftir að fullnægjandi upplýsingar hafa borist um málið.

22. Vátryggður og meðvátryggðir

- 22.1 Vátryggingartaki er vátryggður.
- 22.2 Meðvátryggður eru maki eða sambúðarmaki vátryggingartaka og ógift börn þeirra enda hafa þau sama lögheimili á Íslandi og vátryggingartaki, sameiginlegt heimilishald og búa á sama stað.

23. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir á Íslandi og á ferðalagi erlendis í allt að 92 daga talið frá brottfarardegi.

24. Ábyrgðartími

- 24.1 Vátryggingin tekur til ágreinings sem kemur upp á vátryggingartímabilinu, enda hafi hún þá verið í gildi hjá félaginu að minnsta kosti í tvö ár samfleytt. Hafi vátryggður haft sams konar vátryggingu hjá öðru félagi fær hann þá vátryggingu reiknaða sér til góða.
- 24.2 Þrátt fyrir ákvæði gr. 24.1 getur vátryggður fengið greiddan málskostnað ef þeir atburðir

eða þau atvik sem liggja til grundvallar kröfunni hafa gerst eftir að vátryggingin tók gildi.

- 24.3 Ef vátryggður hefur ekki lengur málskostnaðartryggingu eða sambærilega vátryggingu þegar ágreiningur kemur upp getur hann þrátt fyrir það fengið málskostnað greiddan úr vátryggingu þessari ef hún hefur verið í gildi þegar þeir atburðir eða þau atvik sem liggja til grundvallar kröfunni gerðust og ekki eru liðin 4 ár frá atburðinum eða atvikinu.

25. Bótasvið

Vátryggingin bætir málskostnað:

- 25.1 Vegna ágreinings sem snertir vátryggðan sem einstakling og getur komið til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi. Sé um að tefla ágreining sem ekki verður vísað til dómstóla nema að undangenginni málsmeðferð á öðrum vettvangi tekur vátryggingin einungis til kostnaðar sem til er stofnað að lokinni slíkri meðferð. Vátryggingin tekur einnig til endurupptöku, þó því aðeins að endurupptaka sé heimilud og skilyrði 24. gr. séu fyrir hendi.

Vátryggingin bætir ekki málskostnað:

- 25.2 Vegna sakamála.
- 25.3 Vegna ágreinings sem aðeins getur komið til úrskurðar framkvæmdavalds eða sérdómstóla.
- 25.4 Sem varðar hjónaskilnað eða mál sem upp kunna að koma í sambandi við hjónaskilnað. Sama gildir um mál vegna sambúðarslita og önnur mál sem varða ágreining um forræði barna, umgengnisrétt og faðernismál.
- 25.5 Sem er í tengslum við atvinnu eða embættisrekstur vátryggðs.
- 25.6 Sem varðar ábyrgð sem vátryggður hefur gengið í.
- 25.7 Sem varðar fjárhagslegar ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða óvenju umfangsmiklar fyrir einstakling eða stafa af því að einstaklingur gengur í ábyrgð fyrir annan.
- 25.8 Sem varðar kröfu eða annað tilkall sem framselt hefur verið hinum vátryggða.
- 25.9 Sem varðar vátryggðan sem eiganda fasteignar.
- 25.10 Sem varðar vátryggðan sem eiganda, notanda eða stjórnanda vélknúns farartækis, hjólhýsis, fellihýsis eða annarra tengivagna, loftfars, skips, gufubáts, vélbáts eða seglskútu.



- 25.11 Sem varðar skaðabætur eða aðrar kröfur sem varða verknað sem leiðir til gruns eða ákæru á hendur váttryggðum vegna brots sem er saknæmt.
- 25.12 Sem varðar víxilmál og innheimtumál gegn váttryggðum þar sem krafa er óumdeild eða óumdeilanleg og mál sem snúast um gjaldþrota- eða nauðasamninga þar sem váttryggður er sjálfur gjaldþrota eða leitar nauðasamninga.
- 25.13 Ef ekki eru fyrir hendi réttmætir hagsmunir af því að fá dóm í málinu. Slíkir hagsmunir verða t.d. ekki taldir vera fyrir hendi ef umsókn um gjafsókn hefur af þeirri ástæðu verið hafnað eða veiting gjafsóknar verið afturkölluð.
- 25.14 Sem varðar ágreining váttryggðs við félagið.

26. Val á málflytjanda

Það er skilyrði bótaskyldu að váttryggður hafi leitað aðstoðar lögmanns sem tekið hefur málið að sér. Váttryggður velur sjálfur lögmann meðal félaga í Lögmannafélagi Íslands. Lögmaður getur ekki farið sjálfur með eigið mál án samþykkis félagsins.

27. Ákvörðun bóta

Félagið greiðir vegna hvers tjóns nauðsynlegan og eðlilegan lögmanns- og málskostnað sem váttryggður getur ekki fengið greiddan frá mótaðila eða hinu opinbera þegar málið hefur verið til lykta leitt með dómi eða réttarsátt. Þetta þýðir m.a. að félagið greiðir ekki ef váttryggður gefur frá sér möguleika að innheimta málskostnað frá mótaðila með eða án málsóknar.

- 27.1 Félagið greiðir:
- 27.1.1 Þóknun lögmanns og kostnað.
- 27.1.2 Kostnað við að afla álitsgerða ef lögmaður váttryggða biður um álitsgerðina áður en til dómsmáls kemur eða augljóst má telja að dómur yrði ekki lagður á mál án þess háttar álitsgerðar.
- 27.1.3 Kostnað við leiðslu vitna eða aðra sönnunarfærslu fyrir dómstólum.
- 27.1.4 Réttargjöld.
- 27.1.5 Málskostnað sem váttryggði er dæmdur eða úrskurðaður til að greiða gagnaðila af dómstóli við lok máls.

- 27.1.6 Málskostnað sem váttryggði tekur á sig í réttarsátt að greiða gagnaðila ef augljóst er að dómstóll hefði dæmt hann til að greiða hærri málskostnað ef dómur hefði gengið.

27.2 Félagið greiðir ekki:

- 27.2.1 Eigin vinnu, tekjuskerðingu, ferða- og dvalarkostnað eða annan kostnað váttryggðs.
- 27.2.2 Fullnustu dóms, úrskurðar eða samkomulags.
- 27.2.3 Aukakostnað sem stafar af því að fengnir eru fleiri lögmennt eða skipt er um lögmann.
- 27.2.4 Aukakostnað sem stafar af því að váttryggður eða lögmaður hans gerist sekur um vanrækslu í málarekstrinum eða hefur að öðru leyti sýnt af sér vanrækslu.
- 27.2.5 Hærri bætur vegna málskostnaðar en sem svarar fjárhæð þeirra hagsmuna sem ágreiningur er uppi um.
- 27.3 Um eitt tjón telst vera að ræða ef hinir váttryggðu eiga aðild sömu megin að ágreiningi eða máli. Ef váttryggður á í fleiri ágreiningsmálum skulu slík mál talin eitt tjón svo fremi að kröfur þær sem uppi eru hafðar séu í meginatriðum af sömu rót.
- 27.4 Komi upp ágreiningur um réttmæti málflytninguþóknunar ber váttryggðum að leggja ágreininginn fyrir úrskurðarnefnd lögmannna samkvæmt 26. gr. laga um lögmennt nr. 77/1998.

28. Váttryggingarfjárhæð

Váttryggingarfjárhæð kemur fram í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

29. Eigin áhætta

- 29.1 Af hverju tjóni ber váttryggingartaki eigin áhættu sem tiltekin er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 29.2 Fjárhæð eigin áhættu breytist samkvæmt vísitölu neysluverðs.

30. Tvítrygging

- 30.1 Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina váttryggingu getur váttryggður valið hvaða váttryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.
- 30.2 Ef fleiri en eitt váttryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni samkvæmt gr. 30.1 skulu þau, sé ekki um



annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.

31. Endurkrafa

Að svo miklu leyti sem bætur vegna vátryggingarinnar hafa verið greiddar eignast félagið rétt hins vátryggða til málskostnaðar frá gagnaðila eða hinu opinbera.

II. Innbúskaskó

Vátryggingin er innifalin ef hún er tilgreind í vátryggingarskírteini eða endurnýjunar-kvittun.

Efnisyfirlit:

1. Vátryggðir hagsmunir
2. Vátryggður og meðvátryggðir
3. Vátryggingin gildir
4. Bótasvið
5. Varúðarreglur
6. Samsömun
7. Vátryggingarfjárhæð
8. Eigin áhætta
9. Ákvörðun bóta
10. Tvítrygging

Inngangur

Vátryggingin bætir tjón á innbúi sem er ekki bótaskyld samkvæmt heimilis- eða farangurs-tryggingu í fjölskyldutryggingunni. Vátryggingin tekur ekki til tjóns sem er bótaskyld samkvæmt sömu vátryggingum jafnvel þó að fullar bætur fáist ekki greiddar.

1. Vátryggðir hagsmunir

Vátryggingin tekur til almenns innbús og persónulegra muna sem fylgja almennu heimilishaldi, sbr. gr. 1.1.1 í innbúskafli í heimilistryggingu fjölskyldutryggingarinnar, en nær hvorki yfir sérgreint innbú samkvæmt gr. 1.1.2. né verkfæri samkvæmt gr. 1.2 í sama kafla.

2. Vátryggður og meðvátryggðir

- 2.1 Vátryggingartaki er vátryggður.
- 2.2 Meðvátryggður eru maki eða sambúðarmaki vátryggingartaka og ógift börn þeirra enda hafa þau sama lögheimili á Íslandi og vátryggingartaki, sameiginlegt heimilishald og búa á sama stað.

3. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir á Íslandi og á ferðalagi erlendis í 92 samfellda daga frá upphafi ferðar frá Íslandi og heim aftur.

4. Bótasvið

Vátryggingin bætir:

- 4.1 Vátryggingin bætir tjón af völdum skyndilegra og ófyrirsjáanlegra utanaðkomandi atvika á vátryggingartímabilinu, sem eru ekki bótaskyld samkvæmt öðrum ákvæðum fjölskyldutryggingarskilmálans eða eru undanskilin samkvæmt gr. 4.2 til 4.5 hér á eftir.

Vátryggingin bætir ekki:

- 4.2 Tjón sem rekja má til eðlilegs slits, svo og tjón sem eingöngu veldur útlitsgalla en rýrir ekki notagildi hins vátryggða.
- 4.3 Tjón sem rekja má til galla, rangrar samsetningar eða innri bilana, svo sem vélrænna bilana.
- 4.4 Tjón sem orsakast af snöggum hita- og/eða rakabreytingum
- 4.5 Þjófnað úr tjöldum, tjaldvögnum og fellihýsum.

5. Varúðarreglur

- 5.1 Vátryggður skal fara að fyrirmælum framleiðanda hvað varðar meðhöndlun, notkun og viðhald hins vátryggða.
- 5.2 Vátryggður skal loka gluggum, krækja þá aftur og læsa híbýlum, bílum, bátum og öðrum stöðum þar sem hinir vátryggðu munir eru skildir eftir.
- 5.3 Vátryggður skal ekki skilja við hina vátryggðu muni eftirlitslausa á almannafæri og gæta þess að taka þá með þegar staður er yfirgefinn.

6. Samsömun

Við ákvörðun bótaábyrgðar áskilur félagið sér rétt til að bera fyrir sig háttsemi maka vátryggðs og manns sem hann býr með í föstu varanlegu sambandi, sbr. 29. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.



7. Vátryggingarfjárhæð

- 7.1 Hámarksbætur vegna hvers einstaks tjóns svo og hámarksbætur á vátryggingar-tímabilinu, koma fram í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 7.2 Vátryggingarfjárhæð breytist samkvæmt vísitölu neysluverðs.

8. Eigin áhætta

- 8.1 Af hverju tjóni ber vátryggingartaki eigin áhættu sem tiltekin er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 8.2 Fjárhæð eigin áhættu breytist samkvæmt vísitölu neysluverðs.

9. Ákvörðun bóta

- 9.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi á nýjum hlut, sambærilegum þeim sem skemmdist. Félaginu er heimilt að draga frá bótum verðrymnun vegna aldurs, notkunar og annarra atriða sem geta haft áhrif á verðmæti hlutarins.
- 9.2 Félagið getur annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða ráðstafað hlutnum til viðgerðar og greitt viðgerðarkostnað, ef unnt er að gera við hlutinn þannig að hann verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati félagsins.
- 9.3 Félagið getur greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu að teknu tilliti til verðrymnunar samkvæmt gr. 9.1, ef hluturinn skemmist það mikið að ekki er unnt að gera við hann eða það borgar sig ekki að mati félagsins. Hafi félagið greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til hlutarins sem skemmdist.
- 9.4 Félagið hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti hlutarins sem skemmdist eins og það var fyrir vátryggingaratburð og verðmæti eftir vátryggingaratburð.
- 9.5 Bætur vegna tjóns á hljóð- og myndritum takmarkast við andvirði óritaðs disks, bands eða filmu að teknu tilliti til eðlilegra afskrifta. Þó greiðast bætur vegna útgefna hljóð- og myndrita og miðast þá við kaupverð að teknu tilliti til eðlilegra afskrifta.
- 9.6 Tölvugögn og hugbúnaður bætist ekki.
- 9.7 Minjagildi bætist ekki.

9.8 Vátryggður skal ekki hagnast á vátryggingaratburði. Vátryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón vátryggðs

9.9 Stolnir munir sem koma fram eftir að félagið hefur bætt tjón eru eign félagsins og skal þeim skilað til þess. Vátryggður getur þó haldið mununum ef hann óskar þess með því að endurgreiða bæturnar.

10. Tvítrygging

- 10.1 Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina vátryggingu getur vátryggður valið hvaða vátryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.
- 10.2 Ef fleiri en eitt vátryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni samkvæmt gr. 10.1 skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.

III. Frítímaslysátrygging

Efnisyfirlit:

1. Vátryggður og meðvátryggðir
2. Vátryggingin gildir
3. Hugtakið slys
4. Bótasvið
5. Vátryggingarfjárhæð
6. Ákvörðun bóta

1. Vátryggður og meðvátryggðir

- 1.1 Vátryggingartaki er vátryggður.
- 1.2 Meðvátryggður eru maki eða sambúðarmaki vátryggingartaka og ógift börn þeirra enda hafa þau sama lögheimili á Íslandi og vátryggingartaki, sameiginlegt heimilishald og búa á sama stað.

2. Vátryggingin gildir

- 2.1 Vátryggingin gildir hvar sem er í heiminum.
- 2.2 Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. gildir vátryggingin fyrir námsmenn erlendis í allt að 9 mánuði eftir brottför frá Íslandi.

3. Hugtakið slys

Með hugtakinu slys er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án



vilja hans. Við meiðsl á útlimum er þess þó eingöngu krafist að um sé að ræða skyndilegan atburð sem veldur meiðslum á líkama váttrygðs og gerist án vilja hans.

4. Bótasvið

4.1 Félagið greiðir bætur vegna slyss er váttryggður verður fyrir í frístundum, við heimilisstörf, skólanám eða almennar íþróttaiðkanir, ef það leiðir til:

4.1.1 Andláts.

4.1.2 Varanlegrar læknisfræðilegrar örorku.

4.1.3 Tímabundins missis starfsorku.

4.1.4 Tannbrots.

Félagið greiðir einnig innlendan sjúkrakostnað:

4.2 Ef bætur eru greiddar vegna varanlegrar örorku eða tímabundins missis starfsorku greiðir félagið einnig innlendan sjúkrakostnað vegna sama slyss. Sjúkrakostnaður greiðist þó ekki fyrr en greiðsla vegna tímabundins missis starfsorku eða vegna örorku fer fram. Hámarksbætur í hverju einstöku tjóni koma fram í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

4.2.1 Þrátt fyrir ákvæði 4.2 er greiddur innlendusjúkrakostnaður vegna slysa hjá börnum yngri en 16 ára þó að varanleg örorka sé ekki til staðar, þó ekki vegna slysa er falla undir bótalíð 4.1.4. Eigin áhætta í hverju einstöku tjóni kemur fram á váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Hámarksbætur í hverju einstöku tjóni koma fram í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

4.2.2 Innlendusjúkrakostnaður greiðist eingöngu gegn framvísun frumrits af reikningi. Með innlendum sjúkrakostnaði er átt við kostnað sem viðurkenndur er af Tryggingastofnun ríkisins.

Félagið greiðir ekki bætur vegna slysa sem verða:

4.3 Af völdum skráningarskylds vélknúins ökutækis á Íslandi eða vélknúins ökutækis, sem skráð er erlendis, þar sem lögboðið er að váttryggja vegna slíkra slysa.

4.4 Í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum. Undanþága þessi á þó ekki við börn yngri en 16 ára.

4.5 Við að klífa fjall, í bjargsigi, hnefaleikum, hvers konar glímu- og bardagaiþróttum,

akstursíþróttum, drekaflugi, sviffugi, fallhlífarstökki, froskköfun og teygjustökki.

4.6 Í flugi, nema váttryggður sé farþegi í áætlanar- eða leiguflugi á vegum aðila sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálayfirvalda.

4.7 Í handalögmálum eða við þátttöku í refsiverðum verknaði.

4.8 Af völdum ljósabaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar, nema meðferðin sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss og gerð á viðurkenndri heilbrigðisstofnun.

4.9 Af völdum kvalastillandi lyfja eða svefnlyfja.

4.10 Af völdum eitraðra lofttegunda, nema það hafi orðið skyndilega og án vilja váttrygðs.

4.11 Af völdum matar- eða drykkjareitrunar.

4.12 Af völdum sýkingar vegna skordýrabits eða stungu.

4.13 Beint eða óbeint vegna blindu, mikillar nær- eða fjarsýni, sjóndepru, heyrnardeyfðar, lömunar, bæklunar, geðveiki, flogaveiki, heilaáfalls, hjartaáfalls, sykursýki eða annarra alvarlegra sjúkdóma eða veiklunar.

4.14 Beint eða óbeint af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira, eða þegar afleiðingar slyss verða meiri vegna framangreindra atriða.

4.15 Á beinni leið til og frá vinnu.

5. Váttryggingarfjárhæð

5.1 Hámarks váttryggingarfjárhæðir vegna dánarbóta, örorkubóta og dagpeninga koma fram í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

5.2 Váttryggingarfjárhæðir breytast í samræmi við vísitölu neysluverðs.

5.3 Sé váttryggður 60 ára eða eldri, verða váttryggingarfjárhæðir vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku eftirtaldir hundraðshlutar af hámarks váttryggingarfjárhæð örorkubóta:

60 til 62 ára 95%
63 til 64 ára 90%
65 til 66 ára 85%
67 til 68 ára 70%
69 til 70 ára 60%
71 til 72 ára 50%



- 73 til 74 ára 40%
75 til 76 ára 30%
77 ára og eldri 20%
- 5.4 Sé váttryggður 70 ára eða eldri, verða váttryggingarfjárhæðir vegna dánarbóta og tímabundins missis starfsorku eftirtaldir hundraðshlutar af hámarks váttryggingarfjárhæðum:
- 70 ára 80%
71 árs 60%
72 ára 50%
73 ára 40%
74 ára 40%
75 ára 30%
76 ára 30%
77 ára og eldri 20%
- 5.5 Börn yngri en 16 ára eru ekki váttryggð gegn tímabundnum missi starfsorku og ekki fyrir hærri dánarbótum en sem nemur 25% af dánarbótum slysatryggingar.
- 5.6 Bætur reiknast á grundvelli váttryggingarfjárhæða á slysdegi eins og hér segir:
- 5.6.1 Dánarbætur breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölu neysluverðs frá slysdegi til dánardags.
- 5.6.2 Örorkubætur breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölu neysluverðs frá slysdegi til uppgjörsdags. Vísitölubinding örorku varir þó aldrei lengur en í þrjú ár frá slysdegi.
- 5.6.3 Dagpeningar breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölu neysluverðs frá slysdegi meðan starfsorkumissir varir.
- 6. Ákvörðun bóta**
- 6.1 Dánarbætur.
- 6.1.1 Látist váttryggður vegna afleiðinga slyss innan eins árs frá slysdegi greiðast dánarbætur, að frádregnum bótum sem félagið kann að hafa greitt váttryggðum fyrir varanlega örorku vegna sama slyss.
- 6.1.2 Hafi váttryggður engan á framfæri sínu greiðast einungis 25% af dánarbótum slysatryggingar. Með framfæranda er átt við þann sem sannanlega hefur barn eða fullorðinn einstakling á framfæri sínu.
- 6.1.3 Ef váttryggður deyr af völdum slyss þegar meira en ár er liðið frá slysdegi, en áður en endanlegt örorkumat hefur farið fram, greiðast bætur samkvæmt bráðabirgðaörorkumati, en þó aldrei hærri fjárhæð en dánarbætur mundu hafa verið.
- 6.1.4 Dánarbætur greiðast því aðeins að slysið sé bein og eina orsök að andláti váttryggðs. Ef sjúkdómur, veiklun eða sjúklegt ástand váttryggðs eru meðorsakir dauða hans greiðast engar dánarbætur. Þetta gildir hvort sem ástand þetta var til staðar þegar slysið varð eða skapaðist síðar, án þess þó að vera beinlínis og einungis afleiðing af slysi sem váttryggingin nær til.
- 6.1.5 Félagið á rétt á því að hinn látni verði krufinn til þess að leidd verði í ljós dánarorsök og annað sem máli gæti skipt um bótaábyrgð félagsins.
- 6.1.6 Dánarbætur greiðast maka váttryggðs. Sé maki ekki til staðar greiðast þær til erfingja samkvæmt lögum eða erfðaskrá.
- 6.2 Bætur vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku.
- 6.2.1 Valdi slyss váttryggðum varanlegrar læknisfræðilegrar örorku innan þriggja ára frá því slysið varð greiðast örorkubætur.
- 6.2.2 Örorkuna skal meta í hundraðshlutum samkvæmt töflum Örorkunefndar um miskastig sem eru í gildi þegar örorkumat fer fram. Við ákvörðun örorkunnar ber ekki að taka tillit til starfs, sérstakra hæfileika né þjóðfélagsstöðu. Slyss sem eingöngu valda lýti skal ekki meta til örorku. Ef líkur eru til að ástand váttryggðs megi bæta með skurðaðgerðum eða öðrum slíkum aðgerðum ber að taka tillit til hugsanlegs bata, sem slíkar aðgerðir kynnu að hafa í för með sér. Sé áverka hins slasaða ekki getið í töflum Örorkunefndar um miskastig skal meta hann sérstaklega með hliðsjón af töflunum.
- 6.2.3 Bætur vegna varanlegrar örorku greiðast í hlutfalli við grunnváttryggingarfjárhæð sem í gildi var á slysdegi þannig að hvert örorkustig frá 26-50% verkar tvöfalt, hvert örorkustig frá 51-75% verkar fjórfalt og hvert örorkustig frá 76-100% verkar sexfalt. Bætur við 100% varanlega örorku verða því 325% af grunnváttryggingarfjárhæð.
- 6.2.4 Ef missir útlíma, sjónar eða heyrnar er ekki alger, bætist örorkan hlutfallslega. Ef útlímir eru algerlega ónothæfir telst það missir þeirra. Ef þeir eru að einhverju leyti nothæfir reiknast örorkan hlutfallslega.
- 6.2.5 Missir eða bæklun á útlím eða líffæri sem var ónothæft fyrir slysið gefur ekki rétt til bóta vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku. Missir eða bæklun á útlím eða líffæri sem áður var bæklað skal metið til örorku með hliðsjón af bækluninni fyrir slysið.



- 6.2.6 Örorkan skal að jafnaði metin einu ári eftir slysið, annars þegar læknir telur að varanlegar afleiðingar slyssins hafi komið í ljós, en þó ekki síðar en þremur árum eftir slysdag.
- 6.2.7 Leiði slys til varanlegrar læknisfræðilegrar örorku skulu félagið og vátryggður koma sér saman um einn hæfan matslækni til þess að meta afleiðingar slyssins.
- 6.3 Bætur fyrir tímabundinn missi starfsorku.
- 6.3.1 Valdi slys vátryggðum tímabundnum missi starfsorku greiðir félagið dagpeninga. Dagpeningarnir greiðast í hlutfalli við starfsorkumissinn frá lokum biðtíma og svo lengi sem vátryggður er óvinnufær að mati lækni eða starfsorkumissirinn er orðinn varanlegur samkvæmt læknisvottorði eða örorkumati. Dagpeningar greiðast þó aldrei lengur en í 46 vikur og ekki fyrir tímabil að loknum 3 árum frá slysdegi.
- 6.3.2 Með biðtíma er átt við það tímabil sem samkvæmt vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun á að líða frá slysdegi þar til dagpeningagreiðslur hefjast. Fyrir þetta tímabil eru ekki greiddir dagpeningar.
- 6.3.3 Félagið tekur ákvörðun um greiðslu dagpeninga á grundvelli læknisvottorða og annarra gagna sem fyrir liggja.
- 6.3.4 Stafi starfsorkumissir slasaða að einhverju leyti af öðrum orsökum en slysinu lækka dagpeningar í beinu hlutfalli við það hvern þátt þessar orsakir eiga í missi starfsorkunnar.
- 6.3.5 Félagið bætir ekki tímabundinn starfsorkumissi sem er minni en 50% af eðlilegri starfsorku.
- 6.4 Bætur vegna tannbrots.
- 6.4.1 Félagið greiðir viðgerðir á heilbrigðum og vel viðgerðum tönnum sem brotna eða laskast við slys.
- 6.4.2 Greiðsla félagsins takmarkast við 6,5% af grunnvátryggingarfjárhæð örorku vegna hvers slyss og samanlagðar greiðslur vegna slysa á einu vátryggingarári við 10% af sömu fjárhæð.
- 6.4.3 Félagið bætir þó ekki tannbrot sem verða við vinnuslys, sbr. lög um almannatryggingar, eða brot sem verða þegar vátryggður matast.
- 6.5 Félaginu er heimilt að láta lækni, að vali félagsins, skoða vátryggðan.

Félaginu er heimilt að afla sér upplýsinga um fyrra heilsufar vátryggðs að fengnu samþykki hans.

- 6.6 Félagið greiðir kostnað vegna nauðsynlegra læknisvottorða í tengslum við vátryggingaratburð þegar þeirra er aflað að beiðni félagsins.

IV. Umönnunartrygging barna

Efnisyfirlit:

1. Vátryggður og meðvátryggðir
2. Bótasvið
3. Ákvörðun bóta
4. Vátryggingarfjárhæð

Inngangur

Félagið greiðir bætur þegar barn yngra en 16 ára sem nýtur vátryggingarverndar samkvæmt 1. gr. verður að dveljast lengur en 5 daga samfelt á sjúkrahúsi vegna sjúkdóms eða slyss samkvæmt nánari ákvæðum skilmálans. Bæturnar eru greiddar forráðamanni barnsins.

1. Vátryggður og meðvátryggðir

- 1.1 Vátryggingartaki er vátryggður.
- 1.2 Meðvátryggður eru maki eða sambúðarmaki vátryggingartaka og ógift börn þeirra enda hafa þau sama lögheimili á Íslandi og vátryggingartaki, sameiginlegt heimilishald og búa á sama stað.

2. Bótasvið

Félagið greiðir bætur:

- 2.1 Fyrir hvern dag frá komudegi ef sjúkdómur eða slys hefur í för með sér að barn verður að dvelja á sjúkrahúsi 5 daga samfelt eða lengur.
 - 2.1.1 Bótatími er lengstur 180 dagar vegna sama sjúkdóms eða slyss. Sjúkdómar með læknisfræðileg tengsl teljast eitt og sama sjúkdómstílfellið.
 - 2.1.2 Ef bætur hafa verið greiddar samkvæmt gr. 2.1 og barnið fer aftur á sjúkrahús innan tólf mánaða frá lokum fyrri sjúkrahúsdvalar vegna sama sjúkdóms eða slyss á forráðamaður barnsins rétt til bóta frá komudegi ef bótadagarnir 180 eru ekki fullnýttir.



Félagið greiðir ekki bætur:

- 2.2 Vegna sjúkdóma sem eru fyrir hendi við fæðingu eða greinast innan þriggja mánaða frá fæðingu.
- 2.3 Vegna sjúkdóma sem voru til staðar þegar váttryggingin var tekin eða til slysa sem áttu sér stað áður en váttryggingin var tekin.
- 2.4 Vegna sjúkdóma eða slysa sem áttu sér stað áður en barnið öðlaðist váttryggingarvernd samkvæmt váttryggingunni.
- 2.5 Vegna sjúkrahúsvalar eftir að váttryggingin er úr gildi fallin.

3. Ákvörðun bóta

- 3.1 Áður en hægt er að taka ákvörðun um bætur vegna sjúkdóms eða slyss verður að liggja fyrir vottorð læknis um hvenær sjúkdómurinn var fyrst greindur eða hvenær og hvernig slys átti sér stað.
- 3.2 Bætur eru greiddar forráðamanni barns þegar fyrir liggur skrifleg staðfesting frá sjúkrahúsi um lengd og ástæðu sjúkrahúsvalar barnsins.

4. Váttryggingarfjárhæð

Váttryggingarfjárhæð kemur fram í váttryggingarskírteini eða endurnýjunar-kvittun.

V. Forfallatrygging

Efnisyfirlit:

- 1. Váttryggður og meðváttryggður
- 2. Bótasvið
- 3. Váttryggingarfjárhæð
- 4. Ákvörðun bóta
- 5. Tvíttrygging

1. Váttryggður og meðváttryggðir

- 1.1 Váttryggingartaki er váttryggður.
- 1.2 Meðváttryggðir eru:
 - 1.2.1 Meðváttryggður eru maki eða sambúðarmaki váttryggingartaka og ógift börn þeirra enda hafa þau sama lögheimili á Íslandi og váttryggingartaki, sameiginlegt heimilishald og búa á sama stað.

- 1.2.2 Börn váttryggingartaka og/eða maka hans sem eru yngri en 16 ára þótt þau eigi lögheimili á öðrum stað en váttryggingartaki, þegar þau eru að fara í ferðalag erlendis í umsjá váttryggingartaka og/eða maka hans.

2. Bótasvið

Váttryggingin bætir fyrirframgreiddan ferðakostnað sem hinn váttryggði á samkvæmt samningi ekki rétt á að fá endurgreiddan ef hann neyðist til að hætta við ferð sína vegna:

- 2.1 Alvarlegs slyss eða skyndilegra veikinda hins váttryggða sem staðfest er með vottorði læknis um að váttryggður sé ekki ferðafær. Sama á við ef hinn váttryggði deyr áður en ferð er farin.
- 2.2 Andláts, alvarlegs slyss eða skyndilegra alvarlegra veikinda maka, barna, barnabarna, foreldra, afa, ömmu, tengdaforeldra, tengdabarna eða systkina váttryggðs.
- 2.3 Verulegs eignatjóns á heimili váttryggðs eða í einkafyrirtæki hans sem gerir nærveru váttryggðs nauðsynlega. Samráð skal haft við félagið um hvort nauðsynlegt sé að hætta við ferð.
- 2.4 Opinberrar sóttkvíar.
- 2.5 Kvaðningar váttryggðs til að vitna fyrir dómi.
- 2.6 Starfa sem váttryggður getur ekki komist hjá að vinna samkvæmt lögum um skyldusóttkví.
- 2.7 Þess að váttryggður kemst ekki í ferð vegna opinberra hafta er leiða af farsótt.

Váttryggingin bætir ekki fyrirframgreiddan ferðakostnað vegna:

- 2.8 Sjúkdóms sem var fyrir hendi áður en váttryggingin var tekin eða var til staðar þegar ferðakostnaður var greiddur.
- 2.9 Sjúkdóma sem verða á 9. mánuði meðgöngutíma.
- 2.10 Alvarlegs slyss sem átti sér stað áður en váttrygging var tekin eða var þegar orðið þegar ferðakostnaður var greiddur.
- 2.11 Annarra en þeirra sem njóta váttryggingarverndar samkvæmt 1. gr.
- 2.12 Skuldbindingar til flutningsaðila, ferðaskrifstofu, hótels eða leiguaðila þegar engar greiðslur hafa farið fram.
- 2.13 Vegna tjóns sem orsakast af því að vanrækt var að tilkynna ferðaskrifstofu eða þeim aðila



sem útvegar flutningsfar eða gistingu að nauðsynlegt reyndist að hætta við ferð.

- 2.14 Flugvallaskatta og annarra gjalda sem sækja má til flutningsaðila.

3. Vátryggingarfjárhæð

Hámarksbætur fyrir hvern hinna vátryggðu í hverjum vátryggingaratburði fyrir sig kemur fram í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

4. Ákvörðun bóta

- 4.1 Félagið greiðir samkvæmt frumriti reiknings þá fjárhæð sem vátryggður hefur greitt fyrirfram vegna ferðar sinnar.

- 4.2 Vátryggður skal leggja fram nauðsynleg gögn vegna kröfu um bætur, t.d. læknisvottorð, farseðil og kvittun fyrir greiðslu á ferðakostnaði.

- 4.3 Vátryggður skal ekki hagnast á vátryggingaratburði. Vátryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón vátryggðs.

5. Tvítrygging

- 5.1 Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina vátryggingu getur vátryggður valið hvaða vátryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.

- 5.2 Ef fleiri en eitt vátryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni samkvæmt gr. 5.1 skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.

VI. Ferðasjúkra- og ferðarofstrygging erlendis

Efnisyfirlit:

1. Vátryggður og meðvátryggðir
2. Vátryggingin gildir
3. Bótasvið
4. Vátryggingarfjárhæð
5. Eigin áhætta
6. Ákvörðun bóta
7. Tvítrygging

1. Vátryggður og meðvátryggðir

- 1.1 Vátryggingartaki er vátryggður.
- 1.2 Meðvátryggðir eru:
- 1.2.1 Meðvátryggður eru maki eða sambúðarmaki vátryggingartaka og ógift börn þeirra enda hafa þau sama lögheimili á Íslandi og vátryggingartaki, sameiginlegt heimilishald og búa á sama stað.
- 1.2.2 Börn vátryggingartaka og/eða maka hans sem eru yngri en 16 ára þótt þau eigi lögheimili á öðrum stað en vátryggingartaki, þegar þau eru á ferðalagi erlendis í umsjá vátryggingartaka og/eða maka hans.

2. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir:

- 2.1 Í frítíma á ferðalagi erlendis í 92 samfellda daga frá upphafi ferðar frá Íslandi og aftur til Íslands.
- 2.2 Í starfi á ferðalagi erlendis í 92 daga samfellt frá upphafi ferðar frá Íslandi og aftur til Íslands ef það tengist viðskiptum, ráðstefnum eða bóklegum námskeiðum.

Vátryggingin gildir ekki:

- 2.3 Þegar vátryggður stundar nám eða vinnu erlendis ef nám eða störf vara lengur en 92 daga. Vátryggingin gildir þó á ferðalagi til og frá Íslandi.

3. Bótasvið

Ef vátryggður slasast, veikist eða deyr á ferðalagi erlendis bætir vátryggingin:

- 3.1 Sjúkrakostnað.
- 3.1.1 Sjúkrahúsvist erlendis ásamt læknishjálpi, lyfjum og annarri þjónustu sem sjúkrahúsið veitir. Vistin og meðferðin skulu vera fyrirskipuð af lækni og greiðslan miðast við almennt sjúkrahús í viðkomandi landi.
- 3.1.2 Læknishjálpi og lyf að læknisráði.
- 3.1.3 Kvalastillandi tannviðgerðir í neyðartilvikum. Hámark bóta vegna tannviðgerða er 1% af hámarkssjúkrakostnaði vátryggingarinnar.
- 3.2 Aukinn kostnað.
- 3.2.1 Aukaútgjöld vegna sérstakrar hótelvistar þegar lækni álitur að meðferð geti farið fram á hóteli.



- Til þessara útgjalda telst t.d. kostnaður vegna hjúkrunar og sjúkræfæðis. Hámarksbætur á sólarhring vegna þessa kostnaðar eru 1% af hámarkssjúkrakostnaði váttryggingarinnar.
- 3.2.2 Aukaútgjöld vegna heimferðar eða ferðar til þess að ná fyrirfram ákveðinni ferðaáætlun vegna tafar af völdum sjúkravistar váttryggðs að læknisráði, ásamt ferðakostnaði fylgdarmanns telji lækniinn slíks þörf.
- 3.2.3 Auka ferða- og dvalarkostnað náns ættingja þegar váttryggður slasast, veikist alvarlega eða deyr á ferð sinni ef hann er með í för eða er kvaddur til dvalarstaðar váttryggðs með samþykki ráðgefandi læknis félagsins. Hámarksbætur vegna þessa kostnaðar eru 10% af hámarkssjúkrakostnaði váttryggingarinnar.
- 3.3 Sjúkraflutning.
- Telji lækni sá sem annast hefur váttryggða vegna veikinda eða slyss á ferðalagi að tafarlaus heimferð sé nauðsynleg og geti orðið með venjulegum hætti, nægir félaginu skrifleg staðfesting læknisins. Í slíkum tilvikum greiðast aukaútgjöld vegna heimferðarinnar, t.d. aukasæti eða dýrara farrými. Ef um svo alvarlegan sjúkdóm eða slys er að ræða að lækniinn telur að flytja verði váttryggða heim með öðrum hætti þarf skriflega staðfestingu ráðgefandi læknis félagsins á flutningnum.
- 3.4 Flutning á látnum.
- Látist váttryggður á ferð sinni greiðir félagið kostnað við flutning hins látna til Íslands svo og aukakostnað samferðamanns hans og kostnað við lögboðnar ráðstafanir.
- 3.5 Kostnað vegna orlofsferðar.
- 3.5.1 Verði orlofsferð rofin samkvæmt fyrirmælum læknis áður en hún er hálfnuð eða hafi váttryggður legið á sjúkrahúsi a.m.k. hálfan ferðatímann greiðir félagið andvirði ferðar sjúklingsins. Verði ferð rofin án þess að ofangreindum skilyrðum sé fullnægt greiðir félagið hvorki ónýttan hluta ferðakostnaðar né nýja utanferð í stað þeirrar sem rofin var.
- 3.5.2 Hámark bóta vegna endurgreiðslu orlofsferðar er 10% af hámarkssjúkrakostnaði váttryggingarinnar.
- Váttryggingin bætir einnig:*
- 3.6 Kostnað vegna ferðarofs.
- 3.6.1 Nauðsynleg viðbótarútgjöld vegna heimferðar til Íslands ef váttryggður neyðist til að rjúfa utanlandsdvöl sína vegna:
- 3.6.1.1 Andláts, alvarlegs slyss eða skyndilegra og alvarlegra veikinda maka, barna, barnabarna, foreldra, afa, ömmu, tengdforeldra, tengdabarna eða systkina váttryggðs.
- 3.6.1.2 Verulegs eignatjóns á heimili váttryggðs eða í einkafyrirtæki hans, sem gerir nærveru hans nauðsynlega. Samráð skal haft við félagið um það hvort heimferðar er þörf.
- 3.6.2 Hámark bóta vegna ferðarofs er 10% af hámarkssjúkrakostnaði váttryggingarinnar.
- Váttryggingin bætir ekki:**
- 3.7 Sjúkrakostnað vegna sjúkdóma sem verða á 9. mánuði meðgöngutíma, við fæðingu eða fóstureyðingu.
- 3.8 Sjúkrakostnað vegna langvinnra sjúkdóma og slysa sem váttryggður hefur notið læknishjálpar við á síðastliðnum 12 mánuðum.
- 3.9 Lyfjakostnað vegna lyfja sem váttryggður hefur notað reglulega áður en ferð var hafin.
- 3.10 Sjúkrakostnað vegna áframhaldandi læknismeðferðar ef váttryggður neitar að láta flytja sig heim þrátt fyrir ráð læknis sem hefur stundað hann og ráðgefandi læknis félagsins.
- 3.11 Sjúkrakostnað lengur en í þrjá mánuði vegna læknismeðferðar erlendis.
- 3.12 Kostnað vegna lyfja án læknisráðs, gervilima og gervitanna, gleraugna, snertisjónglerja, heyrnartækja og annarra sambærilegra tækja.
- 3.13 Sjúkrakostnað vegna sjúkdóma eða slysa sem eru undanskilin samkvæmt 4. gr. frítímaslysáttryggingar eftir því sem við á. Þó greiðir félagið kostnað vegna sjúkdóms, slyss eða fráfalls hins váttryggða af völdum matar- eða drykkjareitrunar, sýkingar vegna skordýrabits eða stungu, svo og af völdum vélknúins skráningarskylds ökutækis.
- 4. Váttryggingarfjárhæð**
- 4.1 Váttryggingarfjárhæð kemur fram í váttryggingarskírteini eða endurnýjunar-kvittun.
- 4.2 Váttryggingarfjárhæð breytist samkvæmt vísitölu neysluverðs.
- 5. Eigin áhætta**
- 5.1 Af hverju tjóni ber váttryggingartaki eigin áhættu sem tiltekin er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.



5.2 Fjárhæð eigin áhættu breytist samkvæmt vísitölu neysliverðs.

6. Ákvörðun bóta

6.1 Félagið greiðir bætur samkvæmt frumriti reiknings.

6.2 Vátryggður skal leggja fram nauðsynleg gögn vegna kröfu um bætur, t.d. læknisvottorð, farseðil og kvittun fyrir greiðslu á ferðakostnaði.

6.3 Vátryggður skal ekki hagnast á vátryggingaratburði. Vátryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón vátryggðs.

7. Tvítrygging

7.1 Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina vátryggingu getur vátryggður valið hvaða vátryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.

7.2 Ef fleiri en eitt vátryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni samkvæmt gr. 7.1 skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.

VII. Farangurstrygging erlendis

Efnisyfirlit:

1. Vátryggðir hagsmunir
2. Vátryggðir og meðvátryggðir
3. Vátryggingin gildir
4. Bótasvið
5. Varúðarreglur
6. Samsömun
7. Vátryggingarfjárhæð
8. Undirtrygging
9. Tvítrygging
10. Eigin áhætta
11. Tilkynning til flugfélags vegna tjóns
12. Ákvörðun bóta

1. Vátryggðir hagsmunir

1.1 Vátryggingin tekur til persónulegra lausafjármuna sem hinir vátryggðu hafa með sér á ferðalagi.

1.2 Vátryggingin tekur ekki til peninga, farmiða, ferðatékka, ávísana, skuldabréfa eða annarra verðbréfa, handrita og frimerkja.

2. Vátryggður og meðvátryggðir

2.1 Vátryggingartaki er vátryggður.

2.2 Meðvátryggðir eru:

2.2.1 Meðvátryggður eru maki eða sambúðarmaki vátryggingartaka og ógift börn þeirra enda hafa þau sama lögheimili á Íslandi og vátryggingartaki, sameiginlegt heimilishald og búa á sama stað.

2.2.2 Börn vátryggingartaka og/eða maka hans sem eru yngri en 16 ára þótt þau eigi lögheimili á öðrum stað en vátryggingartaki, þegar þau eru á ferðalagi erlendis í umsjá vátryggingartaka og/eða maka hans.

3. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir:

3.1 Á ferðalagi erlendis í 92 samfellda daga frá upphafi ferðar frá Íslandi og aftur til Íslands.

Vátryggingin gildir ekki:

3.2 Þegar vátryggður stundar nám eða vinnu erlendis ef nám eða störf vara lengur en 92 daga. Vátryggingin gildir þó á ferðalagi til og frá Íslandi.

4. Bótasvið

Vátryggingin bætir tjón sem verður á hinum vátryggða farangri:

4.1 Af völdum bruna.

4.2 Vegna þjófnaðar.

4.3 Vegna ráns.

4.4 Vegna flutningssslyss.

4.5 Ef hann týnist alveg í flutningi.

4.6 Vegna skemmdarverka.

Vátryggingin bætir ekki:

4.7 Tjón á brothættum hlutum, svo sem útvarpstækjum, hljómflutningstækjum, sjónvörpum, myndbandstækjum, dvd-spilurum, upptökuvélum, myndavélum, gleraugum, postulíni og glervöru, nema tjónið orsakist af bruna, þjófnaði eða af því að flutningstæki hlekkist á eða að árekstur verður milli farartækja og tjón fæst ekki að lögum bætt úr ábyrgðartryggingu þeirra.



- 4.8 Skemmdir á ferðatöskum og öðrum hlífðartöskum.
- 4.9 Tjón á hlutum vegna þess að þeir rispast, beyglast eða merjast ef það rýrir ekki notagildi þeirra.
- 4.10 Tjón á hlutum ef þeir rifna eða skemmast í notkun, svo sem fatnaður, skíði og önnur íþróttahöld.
- 4.11 Tjón sem stafar af eðlilegu sliti eða galla eða skemmdir sem skaðleg smákvikindi valda, t.d. mólur.
- 4.12 Þjófnað úr tjöldum, tjaldvögnum og fellihýsum..
- 4.13 Innri skemmdir, svo sem vélrænar bilanir, skammhlaup og aðrar skemmdir á rafkerfum.
- 4.14 Tjón vegna eignaupptöku, kyrrsetningar og svipaðra aðgerða opinberra aðila.

5. Varúðarreglur

- 5.1 Vátryggður skal loka gluggum, krækja þá aftur og læsa hífýlum, bílum, bátum og öðrum stöðum þar sem hinir vátryggðu munir eru skildir eftir.
- 5.2 Vátryggður skal ekki skilja við hina vátryggðu muni eftirlitslausa á almannafæri og gæta þess að taka þá með þegar staður er yfirgefinn.
- 5.3 Vátryggður skal sjá til þess að hinir vátryggðu munir séu í viðeigandi og fullnægjandi umbúðum til að þola flutning.

6. Samsömun

Við ákvörðun bótaábyrgðar áskilur félagið sér rétt til að bera fyrir sig háttsemi maka vátryggðs og manns sem hann býr með í föstu varanlegu sambandi, sbr. 29. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

7. Vátryggingarfjárhæð

- 7.1 Vátryggingarfjárhæð kemur fram í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun
- 7.2 Vátryggingarfjárhæð skiptist hlutfallslega á hina vátryggðu á ferðalögum erlendis, þó með þeirri takmörkun að hámark bótafjárhæðar fyrir hvern hinna vátryggðu nemur 10% af vátryggingarfjárhæð innbús en samanlögð vátryggingarfjárhæð getur þó aldrei orðið hærri en vátryggingarfjárhæð sú sem fram

kemur í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

- 7.3 Hámarks vátryggingarfjárhæð fyrir hvern einstakan hlut, þar eða samstæðu í farangri er skráð á vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun og takmarkast ábyrgð við þá fjárhæð að frádreginni eigin áhættu.
- 7.4 Úr og skartgripir bætast með allt að 5% af vátryggingarfjárhæð innbús í hverju tjóni.
- 7.5 Upphæð vátryggingarfjárhæðar er ekki sönnun fyrir verðmæti hinna vátryggðu hagsmuna.
- 7.6 Vátryggingarfjárhæð breytist samkvæmt vísitölu neysluverðs.

8. Undirtrygging

Sé verðmæti farangurs meira en vátryggingarfjárhæðin greiddast bætur hlutfallslega.

9. Tvítrygging

- 9.1 Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina vátryggingu getur vátryggður valið hvaða vátryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.
- 9.2 Ef fleiri en eitt vátryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni samkvæmt gr. 9.1 skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.

10. Eigin áhætta

- 10.1 Af hverju tjóni ber vátryggður sjálfur eigin áhættu sem tiltekin er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 10.2 Fjárhæð eigin áhættu breytist samkvæmt vísitölu neysluverðs án húsnæðis.

11. Tilkynning til flugfélags vegna tjóns

Skemmist farangur eða týnist í flugi eða á meðan farangur er í vörslu flugfélags er tjónþola skylt að tilkynna skemmdirnar/tapið strax við landingu eða innan 7 daga til afgreiðslu flugfélagsins á þar til gerðu eyðublaði (P.I.R. skýrslu). Tjónþoli skal framvísa afriti skýrslunnar, ásamt kvittunum þar sem fram kemur hvort og þá hve mikið var greitt af flugfélaginu, til félagsins þegar tjón er tilkynnt.



12. Ákvörðun bóta

- 12.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi á nýjum hlut, sambærilegum þeim sem skemmdist. Félaginu er heimilt að draga frá bótum verðryrnun vegna aldurs, notkunar og annarra atriða sem geta haft áhrif á verðmæti hlutarins.
- 12.2 Félagið getur annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða ráðstafað hlutum til viðgerðar og greitt viðgerðarkostnað, ef unnt er að gera við hlutinn þannig að hann verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati félagsins.
- 12.3 Félagið getur greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu að teknu tilliti til verðryrnunar samkvæmt gr. 12.1, ef hluturinn skemmist það mikið að ekki er unnt að gera við hann eða það borgar sig ekki að mati félagsins. Hafi félagið greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til hlutarins sem skemmdist.
- 12.4 Félagið hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti hlutarins sem skemmdist eins og það var fyrir vátryggingaraburð og verðmæti eftir vátryggingaraburð.
- 12.5 Bætur vegna tjóns á hljóð- og myndritum takmarkast við andvirði óritaðs disks, bands eða filmu að teknu tilliti til eðlilegra afskrifta. Þó greiðast bætur vegna útgefinna hljóð- og myndrita og miðast þá við kaupverð að teknu tilliti til eðlilegra afskrifta.
- 12.6 Tölvugögn og hugbúnaður bætist ekki.
- 12.7 Minjagildi bætist ekki.
- 12.8 Vátryggður skal ekki hagnast á vátryggingaraburði. Vátryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón vátryggðs.
- 12.9 Stolnir munir sem koma fram eftir að félagið hefur bætt tjón eru eign félagsins og skal þeim skilað til þess. Vátryggður getur þó haldið muninum ef hann óskar þess með því að endurgreiða bæturnar.

VIII. Farangurstafatrygging

Efnisyfirlit:

1. Vátryggðir og meðvátryggðir
2. Vátryggingin gildir
3. Bótasvið
4. Varúðarreglur
5. Vátryggingarfjárhæð
6. Tilkynning til flugfélags vegna tjóns
7. Tvítrygging

1. Vátryggður og meðvátryggðir

- 1.1 Vátryggingartaki er vátryggður.
- 1.2 Meðvátryggðir eru:
- 1.2.1 Meðvátryggður eru maki eða sambúðarmaki vátryggingartaka og ógift börn þeirra enda hafa þau sama lögheimili á Íslandi og vátryggingartaki, sameiginlegt heimilishald og búa á sama stað.

2. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir í áætlunar- eða leiguflugi:

- 2.1 Í 92 samfellda daga frá upphafi ferðar frá Íslandi.
- Vátryggingin gildir ekki:
- 2.2 Þegar vátryggður stundar nám eða vinnu erlendis ef nám eða störf vara lengur en 92 daga. Vátryggingin gildir þó á ferðalagi til og frá Íslandi.

3. Bótasvið

- 3.1 Félagið greiðir bætur til kaupa á nauðsynjum fyrir hvern vátryggðan 16 ára og eldri ef þeir fá ekki innritaðan farangur sinn afhentan innan 12 klukkustunda eftir að á áfangastað er komið, vegna tafar eða rangrar afgreiðslu.
- 3.1.1 Félagið greiðir bætur vegna barna yngri en 16 ára ef þau ferðast án samfylgdar forráðamanns.
- 3.2 Félagið greiðir ekki bætur vegna tafa á farangri sem kemur í ljós eftir að til Íslands er komið.
- 3.3 Félagið greiðir ekki bætur ef farangurstöfin uppgötvast innan sama sólarhrings og ferð lýkur á Íslandi.



3.4 Ef bætur eru hærri en kr. 20.000 ber vátryggðum að framvísa reikningum vegna útlagðs kostnaðar.

4. Varúðarregla

Vátryggður skal haga ferðatíma sínum þannig að tímamörk fyrir tengiflug sé ekki þrengri en lágmörk viðkomandi flugfélags/flugvallar kveða á um og athugasemd er gerð um í farbókun.

5. Vátryggingarfjárhæð

5.1 Hámarksbætur fyrir hvern vátryggðan í hverjum vátryggingaratburði koma fram í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun

5.2 Vátryggingarfjárhæð breytist samkvæmt vísitölu neysluverðs.

6. Tilkynning til flugfélags vegna tjóns

Týnist farangur í flugi eða á meðan farangur er í vörslu flugfélags er tjónþola skylt að tilkynna tapið strax við landingu til afgreiðslu flugfélagsins á þar til gerðu eyðublaði (P.I.R. skýrslu). Tjónþola ber að framvísa til félagsins skriflegri staðfestingu frá flugfélaginu þar sem tímalengd tafar kemur skýrt fram.

7. Tvítrygging

7.1 Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina vátryggingu getur vátryggður valið hvaða vátryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.

7.2 Ef fleiri en eitt vátryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni samkvæmt gr. 7.1 skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.

IX. Sameiginlegir skilmálar

Sameiginlegir skilmálar gilda um allar vátryggingar í F plús 3 ef ekki er kveðið á um annað í einstökum ákvæðum.

Efnisyfirlit:

1. Upplýsingaskylda við gerð og endurnýjun vátryggingarsamnings
2. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
3. Brot á varúðarreglum
4. Greiðsla iðgjalds
5. Endurgreiðsla iðgjalds
6. Upphaf og lok ábyrgðar
7. Endurnýjun og uppsögn við endurnýjun
8. Uppsögn á vátryggingartímabili
9. Skyldur vátryggðs við vátryggingaratburð
10. Tilkynning um vátryggingaratburð
11. Upplýsingaskylda vátryggðs við uppgjör tjóna
12. Ásetningur
13. Stórkostlegt gáleysi
14. Svíksamleg háttsemi
15. Krafa um bætur
16. Virðisaukaskattur
17. Skuldajöfnun
18. Vextir af bótafjárhæð
19. Endurkröfuréttur
20. Tilkynning um aðsetursskipti
21. Gjaldmiðill
22. Frestur til að leita úrræða
23. Fyrning
24. Meðferð ágreiningsmála
25. Varnarþing
26. Löggjöf

1. Upplýsingaskylda við gerð og endurnýjun vátryggingarsamnings

- 1.1 Skaðatryggingar.
 - 1.1.1 Vátryggingartaki, eða eftir atvikum vátryggður, skal veita félaginu þær upplýsingar sem það óskar eftir um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat þess á áhættu, sbr. 19. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Að auki ber þeim að eigin frumkvæði að veita félaginu upplýsingar um sérstök atvik sem þeir vita, eða mega vita, að hafa verulega þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu.
 - 1.1.2 Verði vátryggingartaka eða vátryggðum ljóst að hann hefur veitt rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna skal hann án ástæðulauss dráttar skýra félaginu frá því.
 - 1.1.3 Hafi vátryggingartaki eða vátryggður svíksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína



og váttryggingaratburður hefur orðið ber félagið ekki ábyrgð.

1.1.4 Hafi váttryggingartaki eða váttryggður vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 2. og 3. mgr. 20. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

1.2 Persónutryggingar.

1.2.1 Váttryggingartaki, eða eftir atvikum váttryggður, skal við gerð váttryggingarsamnings veita félaginu þær upplýsingar sem það óskar eftir, og hafa þýðingu fyrir mat þess á áhættunni, sbr. 82. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Að auki ber þeim að eigin frumkvæði að veita félaginu upplýsingar um sérstök atvik sem þeir vita, eða mega vita, að hafa verulega þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu.

1.2.2 Váttryggingartaki, eða eftir atvikum váttryggður, skal við endurnýjun váttryggingarsamnings veita félaginu nýjar upplýsingar um heilsufar sitt ef það óskar eftir þeim skriflega, sbr. 3. mgr. 79. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

1.2.3 Hafi váttryggingartaki eða váttryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína og váttryggingaratburður hefur orðið ber félagið ekki ábyrgð.

1.2.4 Hafi váttryggingartaki eða váttryggður vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 2. og 3. mgr. 83. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

2. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Váttryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

2.1 Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

2.2 Styrjalдар, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.

2.3 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

3. Brot á varúðarreglum

Skyllt er að fara eftir varúðarreglum í skilmálum þessum. Sé varúðarreglum ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

4. Greiðsla iðgjalds

4.1 Iðgjald fyrir váttrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist.

4.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu váttryggingarsamnings, sbr. 33. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

5. Endurgreiðsla iðgjalds

Falli váttryggingarsamningur úr gildi áður en váttryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem váttryggður hefur greitt fyrir og váttryggingin er ekki í gildi. Þetta gildir þó ekki ef váttryggingarsamningur hefur fallið úr gildi vegna þess að félagið hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða váttryggingarfjárhæð innbús að fullu vegna bótaskylds tjóns.

6. Upphaf og lok ábyrgðar

6.1 Váttryggingin tekur gildi þegar félagið hefur samþykkt váttryggingarbeiðni, nema annað sé lögboðið eða samið sé um að hún taki gildi síðar.

6.2 Ef ábyrgð félagsins á að hefjast á tilteknum degi, án þess að það sé tilgreint nánar, hefst ábyrgðin kl. 0.00 þann dag.

6.3 Váttryggingin gildir til kl. 24.00 þann dag sem tilgreindur er sem lokadagur í váttryggingarskírteini eða endurnýjunar-kvittun, eða þann dag sem váttryggingu lýkur ef það er fyrir upphaflega ákveðinn lokadag, nema um annað sé samið.

7. Endurnýjun og uppsögn við endurnýjun

7.1 Váttryggingin endurnýjast einu sinni á ári, um eitt ár í senn, nema um annað sé samið. Sé um skammtímatryggingu að ræða endurnýjast hún ekki. Sama á við þar sem skýrlega er tekið fram í skilmálum að váttryggingin falli niður við ákveðið tímamark.

7.2 Vilji váttryggingartaki segja váttryggingunni upp í tengslum við endurnýjun skal það gert



skriflega innan mánaðar frá því að félagið sendi tilkynningu um endurnýjun, þó ekki síðar en tveimur vikum fyrir endurnýjunardag.

- 7.3 Félagið getur neitað að endurnýja váttryggingu þegar fyrir liggja sérstakar ástæður, sbr. 18. og 79. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Félaginu ber að tilkynna váttryggingartaka það skriflega í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir endurnýjunardag.
- 7.4 Váttryggingarskilmálar og iðgjald geta breyst við endurnýjun og tekur breytingin þá gildi frá endurnýjunardegi.

8. Uppsögn á váttryggingartímabili

- 8.1 Félagið getur sagt upp váttryggingunni nema annað sé lögboðið:
- 8.1.1 Með 14 daga fyrirvara ef veittar eru rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um váttryggða áhættu, sbr. 21. og 84. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 8.1.2 Fyrirvaralaust ef váttryggingartaki hefur sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um váttryggða áhættu, sbr. 21. og 84. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 8.1.3 Með viku fyrirvara ef váttryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til, sbr. 47. og 120. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 8.1.4 Með tveggja mánaða fyrirvara, í kjölfar váttryggingaratburðar, ef váttryggður hefur valdið váttryggingaratburði af ásetningi eða vanrækt skyldur samkvæmt varúðarreglum, eða er með 3 tjon eða fleiri síðastliðna 12 mánuði úr þessari váttryggingu eða öðrum hjá félaginu, sbr. 15. eða 76. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 8.1.5 Með tveggja mánaða fyrirvara ef notkun váttryggðs hlutar, starfsemi váttryggðs eða aðstæður að öðru leyti breytast á váttryggingartímabili á þann hátt að félagið hefði ekki samþykkt váttrygginguna ef slíkar upplýsingar hefðu legið fyrir við upphaf váttryggingartímabilsins.
- 8.2 Félagið getur sagt upp öllum váttryggingarsamningum viðkomandi þegar váttryggingartaki eða váttryggður hefur sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um váttryggða áhættu og ef váttryggður eða annar aðili veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða

má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til.

- 8.3 Váttryggingartaki getur á váttryggingartímabilinu sagt upp váttryggingarsamningi sem endurnýjast sjálfkrafa ef hann hefur ekki lengur þörf fyrir váttrygginguna eða fyrir hendi eru aðrar sérstakar ástæður sem réttlæta uppsögn, sbr. 2. mgr. 14. gr. og 3. mgr. 75. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

9. Skyldur váttryggðs við váttryggingaratburð

- 9.1 Sé yfirvofandi hætta á að váttryggingaratburður verði, eða ef hann er orðinn, ber váttryggðum að gera allt sem í hans valdi stendur til að afstýra tjoninu eða takmarka það. Verði hann af þessum sökum fyrir útgjöldum getur hann krafist félagið um endurgreiðslu að því leyti sem ráðstafanir til að takmarka tjon eða komast hjá því teljast sérstakar og réttlætanlegar, sbr. 28. og 38. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 9.2 Megi váttryggðum vera ljóst að félagið gæti öðlast endurkröfu á hendur þriðja manni skal hann gera það sem í hans valdi stendur, og nauðsyn krefur, til að tryggja kröfuna þar til félagið getur sjálft gætt hagsmuna sinna.
- 9.3 Hafi tjon orðið vegna þess að váttryggður hefur af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi vanrækt skyldur sínar samkvæmt þessari grein getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta.
- 9.4 Ákvæði 9. gr. eiga einungis við um skaðatryggingar.

10. Tilkynning um váttryggingaratburð

- 10.1 Váttryggður, eða hver sá sem telur sig eiga kröfu á félagið, skal án ástæðulauss dráttar tilkynna félaginu um váttryggingaratburð. Sama gildir ef váttryggður fær vitneskju eða grun um að skaðabótakrafa sem ætla má að váttryggingin nái til verði gerð á hendur honum.
- 10.2 Þjófnað, innbrot, rán, skemmdarverk og árás skal ávallt tilkynna lögreglu eða næsta yfirvaldi og framvísa skýrslum þeirra hjá félaginu. Á ferðalögum erlendis skal einnig tilkynna fararstjóra um framangreinda atburði ef hans nýtur við.
- 10.3 Váttryggður, eða hver sá sem á rétt til bóta glatar honum ef hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan eins árs frá því að hann vissi um þau atvik sem hún er reist á.



11. Upplýsingaskylda váttrygðs við uppgjör bóta

11.1 Við uppgjör bóta skal váttryggður veita félaginu upplýsingar og afhenda gögn sem hann hefur aðgang að og félagið þarf til þess að meta ábyrgð sína og greiða bætur.

11.2 Ef váttryggður, eða sá sem á kröfu á hendur félaginu, veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til fellur niður allur réttur hans samkvæmt þessum og öðrum váttryggingarsamningum vegna hins tiltekna váttryggingaratburðar. Við sérstakar aðstæður getur váttryggður þó átt rétt til bóta að hluta, sbr. 2. mgr. 47. og 120. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

12. Ásetningur

Ef váttryggingaratburður verður rakinn til ásetnings váttrygðs á hann enga kröfu á hendur félaginu um bætur, nema hann hafi ekki vegna aldurs eða andlegs ástands gert sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna.

13. Stórkostlegt gáleysi

13.1 Ef váttryggingaratburður verður rakinn til stórkostlegs gáleysis váttrygðs losnar félagið úr ábyrgð sinni í heild eða að hluta, nema hann hafi ekki vegna aldurs eða andlegs ástands gert sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna. Í persónutryggingum gildir þetta einnig ef afleiðingar váttryggingaratburðar verða meiri en ella vegna stórkostlegs gáleysis váttrygðs.

13.2 Við mat á ábyrgð félagsins skal líta til sakar váttrygðs, hvernig váttryggingaratburð bar að, hvort váttryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti.

13.3 Ákvæði 13. gr. eiga ekki við um ábyrgðartryggingar.

14. Svksamleg háttsemi

Sá sem viðhefur svksamlega háttsemi gagnvart félaginu missir allan rétt samkvæmt váttryggingarsamningi. Sé um fleiri váttryggingarsamninga að ræða getur hann einnig misst rétt til bóta samkvæmt þeim vegna sama váttryggingaratburðar, sbr. 20. og 47. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, svo og 83. og 120. gr. laganna.

15. Krafa um bætur

Váttryggður, eða sá sem á rétt til bóta, getur krafist greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra gagna sem þörf var á til þess að kanna ábyrgð sína og ákveða fjárhæð bótanna, sbr. 48. og 121. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

16. Virðisaukaskattur

Eigi váttryggður eða tjónþoli rétt á endurgreiðslu virðisaukaskatts áskilur félagið sér rétt til að haga framkvæmd á viðgerð og/eða uppgjöri tjóns á þann veg að endurgreiðsla virðisaukaskatts komi til lækkunar á fjárhæð tjónsins í samræmi við lög og reglugerðir þar um.

17. Skuldajöfnun

Félagið hefur heimild til að skuldajafna vangöldnum iðgjöldum gegn váttryggingarbótum sem því ber að greiða, sbr. 49. og 122. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

18. Vextir af bótafjárhæð

Váttryggður á rétt á vöxtum í samræmi við ákvæði 50. og 123. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

19. Endurkröfuréttur

Eigi einhver hinna váttrygðu fébótakröfu á hendur þriðja manni vegna bótaskylds tjóns öðlast félagið þann rétt að svo miklu leyti sem það hefur greitt bætur.

20. Tilkynning um aðsetursskipti

Váttryggingartaki skal tilkynna félaginu tafarlaust ef hann flyst búferlum.

21. Gjaldmiðill

Allar fjárhæðir er varða váttryggingarsamning þennan eru í íslenskum krónum (ISK) nema annað leiði af lögum eða um sé samið sérstaklega.

22. Frestur til að leita úrræða

Ef félagið hafnar kröfu váttrygðs eða þess sem á rétt til bóta í heild eða að hluta glatar



hann rétti til bótanna ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 51. og 124. gr. laga um váttryggingar-samninga nr. 30/2004.

23. Fyrning

- 23.1 Vegna ábyrgðartryggingar fynnist ábyrgð félagsins samkvæmt reglum um fyrningu skaðabótaábyrgðar, sbr. 2. mgr. 52. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 23.2 Vegna annarra váttrygginga fynnist krafa um bætur á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er váttryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafan fynnist þó í síðasta lagi á 10 árum frá lokum þess almanaksárs er váttryggingaratburður varð.

24. Meðferð ágreiningsmála

- 24.1 Ágreiningi um bótaskyldu félagsins, sök og sakarskiptingu vegna lögboðinna ábyrgðartryggingu ökutækja, má leggja fyrir Tjónanefnd váttryggingarfélaganna.
- 24.2 Skjóta má úrskurði Tjónanefndar til Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Einnig er heimilt að leggja annan ágreining skv. lögum um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.
- 24.3 Úrskurðum Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum má skjóta til dómstóla.

25. Varnarþing

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Mál sem rísa út af váttryggingu þessari skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, nema annað leiði af þjóðréttarsamningum sem Ísland er bundið af.

26. Löggjöf

Um váttrygginguna gilda lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Váttryggingarskilmálar þessir gilda frá 2. desember 2011.

Til upplýsingar

Viðlagatrygging Íslands

Með brunatryggingu húseigna og lausafjár stofnast sjálfkrafa váttryggingarvernd hjá Viðlagatryggingu Íslands skv. lögum nr. 55/1992.

Viðlagatrygging bætir tjón af völdum náttúruhamfara, þ.e. eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða og vatnsflóða, sbr. 4. gr. laganna.